Nd. **52. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Flm.: Páll Þorsteinsson.

Við 2. gr. laganna A. I. d. bætist:
Gljúfursá í Öræfum.
Kotá í Öræfum.
Stemma á Breiðamerkursandi.
Staðará í Suðursveit.
Smyrlabjargaá í Suðursveit.
Djúpá í Mýrahreppi.
Suðurfljót (við Svínafell).
Jökulsá í Lóni.
Laxá í Lóni.

Greinargerð.

Samgöngubætur á landi byggjast á tvenns konar framkvæmdum: annars vegar lagningu vega og hins vegar brúargerðum.

Þetta er svo nátengt hvort öðru, að önnur framkvæmdin er oftast gagnslítil, ef hina vantar. Framkvæmdir í brúargerðum og vega hafa og fylgzt að í mörgum héruðum landsins hin síðari ár. Fyrir því er nú kominn akvegur um mikinn hluta landsins, svo að bifreiðar fara nú frá Reykjavík um Vestur- og Norðurland til Austfjarða að sumri til og um Suðurland langleiðina að Skeiðarársandi.

Austur-Skaftafellssýsla ásamt nokkrum hluta Suður-Múlasýslu er sá kafli á þjóðleiðinni kringum landið, sem torveldastur er yfirferðar. Næsta skrefið á því að verða það að fylla í þetta skarð, sem enn er í akvegakerfinu kringum landið, svo sem bezt má verða.

Bak við Austur-Skaftafellssýslu ris hin stærsta jökulbreiða þessa lands. Undan rótum jökulsins koma margar ár, stórar og smáar. Í engri sýslu landsins munu vera fleiri ár en þessari. Þó eru varla nema tvær fremur smáar brýr í sýslunni enn sem komið er. Tala brúanna þar stendur enn í öfugu hlutfalli við tölu vatnanna. Á síðari árum hafa verið gerðar nokkrar vegabætur í sýslunni. Sem að líkum lætur, kemur það hvergi nærri að fullum notum, meðan vegurinn er sundurskorinn af óbrúuðum vötnum, sem ýmist eru ófær eða illfær bifreiðum. Röðin er því vissulega komin að Austur-Skaftafellssýslu um brúargerðir.

Með frv. þessu er mörkuð stefnan um þessar framkvæmdir i sýslunni á næstu árum. Brýr á ár þær, sem hér eru taldar, eru nauðsynlegur þáttur í þeirri framkvæmd að tengja saman akvegakerfi landsins, en mundu jafnframt skapa öruggt vegasamband frá mörgum bæjum í þremur sveitum við verzlunarstað sýslunnar, Höfn í Hornafirði.

Brýr á Gljúfursá og Kotá í Öræfum eru nauðsynlegur liður í vegi sveitarinnar, sem nú er verið að leggja, og mundu greiða mjög fyrir notkun bifreiða. Með brúm á Kotá og Gljúfursá væri og náð einum áfanga að því marki að tengja saman alla bæi sveitarinnar með öruggum akvegi.

Þegar Heinabergsvötn eru brúuð, sem væntanlega verður bráðlega, liggur næst fyrir að byggja smábrýr á Smyrlabjargaá og Staðará í Suðursveit, svo og Stemmu á Breiðamerkursandi.

Hornafjarðarfljót er eini farartálminn milli Mýrahrepps og Hafnar í Hornafirði. Til þess að bæta nokkuð úr því þarf brú á Suðurfljót við Svínafell.

Brúin á Jökulsá í Lóni verður langstærst þessara brúa. Jökulsá er líka mesta torfæran á þjóðveginum frá Austurlandi og í Hornafjörð og skapar mörgum bændum í Lóni mikla örðugleika um flutninga til og frá verzlunarstað. Það er augljóst kunnugum, að vel er kleift að brúa ána. Staðfesta það og athuganir, sem þegar hafa verið gerðar um brúarstæði á ánni.

Nánar í framsögu.